



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

AKRANESKAUPSTAÐUR		
SSI nr. 50.20.4	Mott. af Gsó	Mott. dags. - 3 MARS 2015
Alm. RA	Úrv.aðili St. A	Afrit RA/St. A
Swatal	Tölvup.	Fax
Swarir.	Trún.mál	Fskj.
V.álsnr. 1503021		

Borgarnesi 27.02 2015

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 25 mars n.k. Sama dag verða einnig aðalfundir Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands, Sorpurðunar Vesturlands og Vesturlandsstofu.

Dagskrá miðvikudaginn 25 mars verður sem hér segir;

- Kl.10.00 Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
- Kl.11.00 Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
- Kl.12.00 Hádegisverður
- Kl.12.45 Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
- Kl.14.00 Aðalfundur Vesturlandsstofu
- Kl.14.30 Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi
Hér undir verða lagðir fram ársreikningar menningarsamstarfs, vaxtarsamnings og byggðasamlags um málefni fatlaðra.

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV;

- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Kosning í þær nefndir sem starfa á milli aðalfunda.
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Á málþing/framhaldsaðalfundi s.l. haust var stjórn kosin til tveggja ára eða fram að aðalfundi 2016. Jafnframt munu tillaga að fjárhagsáætlun og starfsáætlun verða lagðar fram á málþingi að hausti. Þetta skýrir af hverju þessir þættir eru ekki á dagskrá aðalfundar nú í mars, sbr. 9.gr. laga SSV

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir voru fulltrúar á aðalfund SSV eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar, en samkvæmt lögum SSV voru þeir kosnir til eins árs í senn og eiga því áður nefndir fulltrúar seturétt á málþingi haustið 2014 og aðalfundi vorið 2015. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV.

Ársreikningur SSV verður lagður fram á stjórnarfund miðvikudaginn 11 mars n.k. og verður ásamt ársskýrslu sendur sveitarfélögunum í kjölfarið.

Virðingarfyllt

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI
Páll S. Brynjarsson

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV